

Mál nr. 19/2006

**M og M2
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B**

Áræktur á Kringlumýrarbraut norðan við gatnamót Listabrautar þann 7.1.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 2.2.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.2.2006.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið suður Kringlumýrarbraut að gatnamótum Listabrautar á vinstri akrein fyrir umferð áfram yfir gatnamótin. A var ekið á undan B. Við gatnamótin stöðvaði ökumaður A bifreið sína með þeim afleiðingum að B var ekið aftan á A. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum og sérstök beygjuljós stjórna umferð af Kringlumýrarbraut úr norðri til vinstri austur Listabraut.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af stað andspænis grænu ljósi við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Hamrahlíðar og ætlað áfram suður Kringlumýrarbraut yfir gatnamót Listabrautar. Hraði A hafi ekki verið mikill. Sól hafi verið á móti sem hafi farið í augun á honum. Rétt áður en hann kom að gatnamótum Listabrautar sýndist honum umferðarljósinn skipta yfir á rautt ljós. Hann hafi því hellað skyndilega. Síðan hafi hann áttað sig á því að rauða ljósið hafi verið fyrir umferð fyrir vinstri beygju austur Listabraut. Hann hafi svo ekki vitað fyrr en B var ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ætlað áfram yfir gatnamótin þar sem grænt ljós hafi logað í akstursstefnu hans. Hann hafi átt skammt ófarið að gatnamótunum, þegar hann hafi séð að ökumaður A hafi hellað skyndilega við gatnamótin þrátt fyrir að grænt ljós hafi logað í akstursstefnu þeirra. Hann hafi hellað og reynt að sveigja bifreið sinni til hægri, en það hafi ekki dugað og áræktur orðið.

Álit.

Ökumanni B bar að gæta þess að aka nægilega langt frá A þannig að ekki væri hætta á árekstri þótt A yrði stöðvuð, sbr. 2. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og ber því ökumaður B meginsök á árekstrinum. Af framburði ökumanns A verður ekki annað ráðið en að hann hafi blindast af sól. Af þeim sökum leit hann rangt á umferðarljósinn og stöðvaði bifreið sína skyndilega þrátt fyrir að grænt ljós hafi logað andspænis akstursstefnu hans og án þess að huga áður að umferð fyrir aftan sig. Hann sýndi því ekki þá varúð sem af honum mátti krefjast við þær aðstæður sem þarna voru, en ökumaður B þurfti ekki að eiga von á að ökumaður A myndi stöðva svo skyndilega eins og raun varð á. Á ökumaður A nokkra sök á árekstrinum. Eftir atvikum þykir rétt að ökumaður B beri 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.